



29. apríl 2010
SÍ-62720

Nefndasvið Alþingis
nefnasvið@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Með skeyti dags. 20. apríl 2010 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um afslátt frá tekjuskatti einstaklinga vegna launagreiðsla við endurbætur og viðhald á íbúðarhúsnæði, 506. mál á 138. þingi.

Tilgangur frumvarpsins er að auka starfsemi í byggingageiranum og skapa með því atvinnu, en jafnframt að draga úr svartri vinnu og undanskotum. Fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytis áætlað við miðað við 10% aukingu á umfangi viðhalds muni tekjurýrnun ríkissjóðs og sveitarfélaga nema 1 ma.kr., en að á móti gætu komið um 500 m.kr. vegna óbeinna skatta af byggingarefni, 150 m.kr vegna skatta af auknu vinnumagni og 230 m.kr. vegna minni kostnaðar atvinnuleysistrygginga. Fjárhæðirnar virðast miðaðar við skattaárið.

Að leitað sé sérstakra og skynsamlegra leiða til að auka atvinnu við núverandi aðstæður er æskilegt að því gefnu að nauðsynlegum aðhaldsaðgerðum í opinberum fjármálum sé jafnframt fylgt eftir. Ef hlutföll tekju- og gjaldahreyfinga líkjast því sem fjárlagaskrifstofa áætla, njóta húseigendur verulegs ábata ef frumvarpið verður að lögum og um 100 launamenn í byggingarstarfsemi fá talsvert hærri tekjur en nemur atvinnuleysisbótum. Beinn kostnaður hins opinbera að frádregnum tekjuauka verður lítill eða um 120 m.kr. á ári samkvæmt áætluninni. Einhver annarrar umferðar áhrif gætu orðið af auknum tekjum launamanna og aukinni neyslu, en á móti vega ruðningsáhrif hjá húseigendum, sem kynnu að fresta neyslu til að flýta framkvæmdum. Ástæða gæti verið til að kanna þetta samspil betur. Að öðru leyti tekur Seðlabankinn ekki afstöðu til frumvarpsins.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur